

157
20. okt.

Allir reikningarnir og skilagreininir við manntalsreikninginn eiga að vera tvíritaðar. Sönnunarskjölin við reikningana mega þar á móti vera einrituð.

C. Í reikningana skal að eins rita tekjur þær, er landssjóðnum hafa hlotnast á reikningsári því, er ræðir um; en rita skal þær í reikninginn án tillits til þess, hvort þær hafi verið greiddar eða enn þá standi úti óborgaðar, og á að því, er snertir slíkar eptirstöðvar að fylgja reikningnum skýrsla um, hvað gjört hafi verið til að ná þeim inn sbr. fyrirmyndina við umburðarbrjef 16. maí 1876 (stjórnartíð. B. 51).

Þar á móti má ekki rita í reikninginn eptirstöðvar frá fyrri árum eða fullnæg-ing á reikningsúrskurðum, en fyrir þessu verður að gjöra sjerstaka grein, þegar upphæð-irnar eru greiddar annaðhvort með peningum í jarðabókarsjóðinn eða með ávísun í aðalríkissjóðinn.

D. Loksins vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir öllum reik-ningshöldurum, er undir yður eru skipaðir, eða bæði fyrir umboðsmönnum þjóðjarða og lögreglustjórum, að þeim beri að fara nákvæmlega eptir fyrirmælum reglugjörðar 13. febr. 1873 og umburðarbrjefs 16. maí 1876 (stjórnartíð. B. 51), að því er snertir borgun í landssjóð á fje því, er þeir innheimta.

Einkum má ekki eptirleiðis koma fyrir sú óregla, er hingað til hefir átt sér stað af hálfu einstakra reikningshaldara, að þeir hafa frestað þangað til, að þeir sömdu við-komandi reikning að afgreiða í landssjóð gjöld þau, er þeim höfðu verið borguð, sjer í lagi ber reikningshöldurum að sjá um, að ávísanir fyrir innskrifudum gjöldum verði gefn-ar út og sendar hingað sem allra fyrst eptir, að innskriftin hefir átt sjer stað. En skyldi nokkur dráttur verða á þessu, mun reikningshaldarinn sœta ábyrgð fyrir vanskil. Enn fremur er brýnt fyrir reikningshöldurum, að þeir eigi í hvert sinn, er þeir senda peninga eða ávísun upp í tekjur landssjóðs nákvæmlega að tilgreina, upp í hverjar tekjur þeir vilji, að hið greidda eða ávísada fje gangi, og verða skýrslur þessar að koma ná-kvæmlega heim við það, er síðan verður ritað í reikninginn um þetta.

158
21. okt.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um prentun fyrir hið opinbera.*
— Eptir að jeg 12. þ. m. hefi meðtekið álit stiptyfirvaldanna um brjef Einars prentara Þórðarsonar, þar sem hann ber sig upp undan því, að skólaskýrslan 1879—1880 hafi verið prentuð í prentsmiðju Ísafoldar, þótt hann ætli, að kaupsamningur sá, er gjörður var við hann, þegar hann samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 keypti landsprentsmiðjuna, veiti honum rjett til að prenta þetta rit, — vil jeg hjer með tjá stiptyfirvöldunum það, er hjer greiur, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Einari Þórðarsyni.

Í 4. gr. kaupsamnings þess, er hjer ræðir um, er það tekið fram með berum orðum, að kaupandanum er ekki veittur neinn einkarjettur, til að prenta fyrir hið opin-bera, heldur einungis rjettur til þess, fremur öðrum, að framkvæma slík prentstörf, svo framarlega sem hann vill takast þau á hendur fyrir sömu borgun, og að öðru leyti með jafngóðum kostum fyrir hið opinbera, sjer í lagi að því er snertir flýti og vandvirkni, sem bjóðast kynni af einhverri annari prentsmiðju hjer í bænum. Hvað rit það snertir, er hjer liggur fyrir, sjest, að eptir að skólaskýrslan um árið 1878—79 hafði verið prent-
uð í Ísafoldar prentsmiðju, bauðst Einar prentari Þórðarson til að prenta hana það ár, er hjer ræðir um, fyrir hjer um bil 6 kr. minna, en hún fjekkst prentuð fyrir hjá Ísa-foldar prentsmiðju. Rektor spurði Einar þar á eptir brjeflega meðal annars, hvort hann vildi fyrir þetta verð taka að sjer að prenta skýrsluna með sama letri (þ. e. með ekki

lakara letri og samskonar leturbreytingu) og Ísafoldar prentsmiðja hafði gjört, en þessu svaraði Einar ekki. Með því nú að rektor við samanburð á skólaskýrslu þeirri, er prentuð hafði verið í Ísafoldar prentsmiðju, við skýrslur þær, er Einar Þórðarson áður hafði prentað fyrir skólann, komst að þeirri niðurstöðu, að skýrslan fengist prentuð með margbreyttara og fallegra letri, með smekklegra frágangi og meiri vandvirkni í Ísafoldar prentsmiðju, en í prentsmiðju Einars Þórðarsonar, verður það ekki álitid, að þeim rjetti hafi verið traðkað, sem Einari Þórðarsyni var heimilaður í kaupsamningnum, þó skólaskýrslan hafi í ár verið prentuð í Ísafoldar prentsmiðju.

Til leiðbeiningar, þegar um slík mál yrði að ræða eptirleiðis, læt jeg hjer með fylgja eptirrit eptir fyrnefndri 4. gr. sammingsins frá 29. desbr. 1876¹.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um færslusveit tómt húsmanns.* — Í brjefi frá 13. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sagt mjer álit yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Kjalarneshreppi á úrskurði yðar frá 10. oktbr. f. á., er ákveður Sigurð Jónsson sveitlægan í Kjalarneshreppi. 158
21. okt.

Vorið 1868 fluttist Sigurður úr fæðingarhreppi sínum Kjalarneshreppi inn í Seltjarnarneshrepp. Hann var þá grasbýlismaður eða bóndi, en vorið eptir 1869 settist hann að í hinum sama hreppi sem tómt húsmáður og á útmánuðum veturinn 1878—79, varð honum veittur styrkur úr fátækra sjóði.

Það er nú sannað, að Sigurður hafi ekki leitað leyfis til tómt húsmennsku í Seltjarnarneshreppi, fyr en vorið 1870, þá er hann beiddist slíks leyfis munnlega af hreppstjóranum í Seltjarnarneshreppi. Þeim ber ekki saman um, hverju hreppstjórinn hafi svarað, en um það er enginn vafi, að hreppstjórinn hefir ekki synjað Sigurði brjeflega um húsmenskuleyfi, og það virðist einnig viðurkennt af Seltjarnarneshreppi, að síðan hafi verið jafnað á hann sveitargjöldum.

Hreppsnefndin í Kjalarneshreppi hefir nú haldið því fram, að sveitarstjórinn í Seltjarnarneshreppi hafi þegjandi samþykkt tómt húsmennsku Sigurðar með því að jafna á hann gjöldum til Seltjarnarneshrepps, og að slíkt samþykki þar að auki liggi í því, að hreppstjórinn aldrei neitaði Sigurði skriflega um tómt húsløyfi, en það virðist ekki nauðsynlegt að rannsaka, hvort þetta álit sje á rjettum rökum byggt, því það er ljóst, að fardagaárið 1869—70, er Sigurður dvaldi í húsmennsku án þess að beidast leyfis til þess, getur samkvæmt 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn, ekki tal-

1) Grein þessi segir svo:

„Loksins skuldbind jeg, kaupandi, mig og eptirkomandi eigendur umgetinnar prentsmiðju til þess, að taka að mjer fyrir sanngjarna borgun — en í þessu tilliti skal hlidsjón höfð sumpart af borgun þeirri, sem áður hefir greizt fyrir þess konar verk, sumpart þeirri, sem aðrir prentarar hjer í bönnum bjóðast til að taka slíkt verk að sjer fyrir — prentun þeirra bóka eða rita, sem hið opinbera lætur út gefa og að flýta slíku prentunarverki sem mest má verða, eða láta ekki önnur prentunarstörf sitja í fyrirrúmi. Til þessarar skuldbindingar frá hálfu prentsmiðjunnar svarar sú skuldbinding frá hálfu hins opinbera, að láta þess konar prentstörf framkvæma í umræddri prentsmiðju, ef hún vill þau að sjer taka fyrir sama verð og að öðru leyti með jafngóðum kjörum fyrir hið opinbera, sjer í lagi að því er snertir flýti og vandvirkni, sem bjóðast kynni af einhverri annarri prentsmiðju hjer í bönnum. Það skal berlega tekið fram, að kaupanda er hjer með ekki lofað neinum útilokandi rjetti til að prenta fyrir hið opinbera, heldur að eins rjetti til öðrum fremur að framkvæma slík prentstörf, að því leyti hann vill taka þau að sjer fyrir sömu borgun og leysa þau jafnfljótt af hendi og aðrir geta gjört.